

Sjálfsmatsskýrsla
Menntaskólans í Reykjavík
2011 - 2012

Gæðastjóri

Ástríður Ebba Arnórsdóttir

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	1
1.1	Stefnuskrá, markmið og leiðir	1
2.	Sjálfsmat	3
2.1	Síðstliðin ár	3
2.2	Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2010 - 2011	3
2.2.1	Samantekt jólaprófa	3
2.2.2	Viðhorfskönnun forráðamanna	4
2.2.3	Kennslukönnun	5
2.2.4	Starfendarannsóknir	8
2.2.5	Umbótaáætlun	10
2.3	Annað	11
2.3.1	Starfsmannahandbók	11
2.3.2	Ný heimasíða	11
3.	Lokaorð	11

1. Inngangur

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla ber hverjum skóla að meta skólastarfið með skipulögðum og markvissum hætti. Helsta markmið með matinu er að bæta skólastarfið og gera hagsmunaaðilum skólastarfið sýnilegra. Matið tryggir foreldrum að eftirfylgni sé með gæðum skólastarfsins og þróun þess. Með skólastarfinu er bæði átt við stjórnun skólasamfélagsins, kennslu og aðra þjónustu innan skólans sem og ytri tengsl við önnur skólastig og nærsamfélagið. Farið skal yfir alla þætti skólastarfsins á ákveðnu árabili og gerð umbótaáætlun sem komið verði í framkvæmd. Árlega er sett fram skipulögð rammaáætlun um þá þætti skólastarfsins sem metnir verði næstu fimm árin.

Í Menntaskólanum í Reykjavík er gæðanefnd skipuð rektor, konrektor og kennslustjóra sem ásamt gæðastjóra skipuleggur og stýrir sjálfsmati skólans.

Menntaskólinn í Reykjavík kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Skólinn er bóknámsskóli og því er lögð áhersla á að nemendur séu hæfir til að takast á við háskólanám hvort heldur er innanlands eða utan að loknu stúdentsprófi.

1.1 Stefnuskra, markmið og leiðir

Skólinn leitast við að veita nemendum sínum félagslegt uppeldi og stuðla að alhliða þroska þeirra svo að þeir séu sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðislegu samfélagi.

Með markvissri kennslu, miklum en raunsæjum kröfum og öguðum vinnubrögðum leitast skólinn við að efla gagnrýna hugsun og frumkvæði ásamt ábyrgðarkennd, umburðarlyndi og víðsýni. Skólinn leitast við að efla sjálfstraust nemendanna með því að gera þeim ljóst sambandið milli árangurs og erfiðis og í náminu eru þjálfuð jafnt sjálfstæð vinnubrögð sem samvinna.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig mikið kapp á að kynna nemendum sínum menningarleg verðmæti á sviði bókmennta og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi.

Með fræðslu sinni, kröfum og handleiðslu vill skólinn efla þekkingarleit nemenda og gera þá virka og áhugasama um áframhaldandi menntun og símenntun, um leið og hann leitast við að efla heilbrigða dómgreind og verðmætamat nemenda sinna. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem nýjasta tækni á tölvusviðinu býður upp á, svo sem gagnabanka, nettengingar, samstarf o.fl.

Skólinn mun einnig á markvissan hátt leitast við að gera nemendur sína vel búna undir virka þátttöku í þjóðfélaginu og efla ábyrgðarkennd þeirra gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og samfélagi; sömuleiðis að kynna fyrir þeim kröfur daglegs lífs og vinnumarkaðarins, atvinnuhætti, samfélagsskipan svo og fjármálaskyldur, einstaklingsskyldur og réttindi.

Í fjölbreyttu félagsstarfi styður skólinn við alhliða félagsþroska nemendanna. Þar fá þeir tækifæri til þess að bera margvíslega ábyrgð, taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman, sýna umburðarlyndi og skilning og láta skoðanir sínar í ljósi. Í fjölbreyttu félagsstarfi fá nemendur tækifæri til þess að uppgötva, þroska, efla og nýta ótal hæfileika.

Hlutverk Menntaskólans í Reykjavík, samkvæmt skólasamningi við menntamálaráðuneytið, er að bjóða upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á tveimur námsbrautum, mála- og náttúrufræðibraut.

Skólinn hefur kappkostað að aðstoða nemendur við ástundun náms og tekið virkan þátt í því verkefni að sporna gegn brottfalli. Þar má nefna aukna námsráðgjöf, öflugt starf umsjónarkennara og framboð stöðtíma þar sem nemendum standa til boða aukatímar í þeim námsgreinum þar sem flestir þurfa aðstoð. Þetta framtak hefur tekist afar vel og teljast brottfallsnemendur skólans vera á bilinu 0-1% samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar en í meðfylgjandi töflu kemur fram hversu mjög námsframvinda nemenda skólans hefur batnað á undanförunum árum:

Haust	Innritun	Fjöldi í vorpróf	Fall á prófum	%	Hætta í MR eða falla á árinu	%
1999	830	773	61	7,90%	118	14,20%
2000	749	727	80	11,00%	102	13,60%
2001	747	712	62	8,70%	97	13,00%
2002	779	757	88	11,60%	110	14,10%
2003	814	785	47	6,00%	76	9,30%
2004	840	826	53	6,40%	67	8,00%
2005	850	825	23	2,80%	48	5,60%
2006	865	852	65	7,60%	78	9,00%
2007	877	861	45	5,20%	61	7,00%
2008	853	845	41	4,90%	49	5,70%
2009	908	891	41	4,60%	58	6,40%
2010	878	863	47	5,40%	62	7,10%
2011	894	863	47	5,40%	78	8,72%

Í upphafi skólaárs 2010-11 voru innritaðir nemendur 894, þar af voru 159 eða 18% á málabraut og 735 eða 81% á náttúrufræðibraut. Þetta er svipuð skipting og undanfarin ár. Kynjaskipting er stúlkunum í vil en við skólann voru 56% nemenda stúlkur og 44% piltar. Í vor voru 187 stúdentar brautskráðir frá skólanum.

Skólaárið 2010-11 voru starfsmenn skólans 90, þar af 74 kennarar, 3 yfirstjórnendur (þeir sinntu einnig kennslu), 1 skrifstofustjóri, 2 námsráðgjafar, 1 bókasafnsfræðingur, 2 á skrifstofu, 1 umsjónarmaður fasteigna, 1 með umsjón viðhalds, 1 með umsjón mótuneytis, 1 hjúkrunarfræðingur og 3 með sérverkefni (umsjón heimasíðu, ritstjórn skólaskýrslu og umsjón með námskerfi). Kynjaskipting var nokkuð jöfn í kennarahópnum, 47 konur og 43 karlar.

Menntunarstig kennara er hátt en 6 þeirra eru með doktorspróf, 37 með meistarapróf, 25 með viðbótarnám eftir B gráðu, 1 með B gráðu háskólastigs og 5 leiðbeinendur hafa ekki lokið B gráðu háskólastigs. Nokkrir eru án kennsluréttinda eða alls 8. 4 voru leiðbeinendur með 6 vikustundir og 3 voru stundakennarar er flestir kenndu valgreinar. 1 leiðbeinandi var með undanþágu Menntamálaráðuneytisins til kennslu.

2. Sjálfsmat


2.1 Síðstliðin ár

Á síðastliðnum árum hefur sjálfsmat MR verið í nokkuð föstum skorðum þar sem ákveðnir matsþættir fara fram á hverju ári. Þessir þættir eru samantektir á niðurstöðum jólaþrófa og kennslukönnun sem tekur ekki aðeins fyrir kennslu, kennsluhætti og námsefni heldur einnig aðra þætti úr starfi skólans og er sá hluti könnunarinnar breytilegur á milli ára. Fyrir utan þessa föstu þætti voru gerðar rafrænar viðhorfskannanir forráðamanna nýnema og nemenda í 4. bekk skólans. Enn fremur voru gerðar starfendakannanir. Þegar rannsóknir þessar voru undirbúnar þá voru sett niður starfsteymi til að setja niður spurningar sem leggja skyldi fyrir nemendur. Sett voru viðmið og gögnin síðan greind og túlkuð. Gætt er þess að líta til veikra og ekki síður sterkra hliða niðurstöðu könnunar. Loks er umbótaáætlun sett fram þar sem þurfa þykir.

2.2 Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2011 - 2012

2.2.1 Samantekt jólaþrófa

Niðurstöður jólaþrófa voru teknar saman og kynntar á kennarafundi í lok haustannar.



Niðurstöðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að bera saman bekkji í einstökum greinum, greinar hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Umsjónarkennarar notuðu svo niðurstöður jólaþrófa og samantektina þegar þeir tóku einstaklingsviðtöl við umsjónarnemendur sína. Viðtölin eru framkvæmd a.m.k. einu sinni á misseri og á vormisseri er jólaþrófsárangur nemenda sérstaklega skoðaður en þá eru þeir sem ekki hefur gengið sem skyldi sérstaklega teknir fyrir og reynt að beina þeim á rétta braut.

2.2.2 Viðhorfskannanir forráðamanna

Í febrúar 2011 var sett af stað rafræn viðhorfskönnun sem send var til allra forráðamanna nýnema skólans veturinn 2010-2011. Þann 27.3.2012 var sama könnun send til forráðamanna sömu nemenda sem sátu nú í 4. bekk til að fá samanburð milli ára. Könnunin var gerð í gegnum Questionpro.com. Könnunin var opin í einn mánuð og þegar henni var lokað kom í ljós að svörun forráðamanna nýnema skólans var 100%.

Forráðamenn svöruðu tíu spurningum/staðhæfingum sem lagðar voru fyrir þá og voru niðurstöður svohljóðandi:

1. Námið í Menntaskólanum í Reykjavík hefur verið í samræmi við væntingar mínar.
Niðurstaða: 92% voru mjög sammála eða sammála.

(Forráðamenn sömu nemenda vorið 2011: 94%)

2. Viðhorf mitt til Menntaskólans í Reykjavík hefur breyst eftir að nemandinn hóf nám við skólann.

Niðurstaða: 74% svöruðu neitandi (vor 2011: 69%). Af þeim sem svöruðu að viðhorf þeirra til MR hefði breyst, svöruðu 15% að breytingin væri til hins betra (vor 2011: 20%).

3. Mér finnst vinnuálag í skólanum vera:

Niðurstaða: 62% töldu vinnuálagið vera hæfilegt (vor 2011: 64%). en 32% töldu það vera of mikið (vor 2011: 34%).

4. Nemandanum líður vel í Menntaskólanum í Reykjavík.

Niðurstaða: 94% voru mjög sammála eða sammála (vor 2011: 93%).

5. Samskipti nemandans og umsjónarkennara hafa verið góð.

Niðurstaða: 72% voru mjög sammála eða sammála (vor 2011: 83%). 23% svara með veit ekki (vor 2011: 13%).

6. Mér finnst félagslíf í skólanum taka of mikinn tíma frá námi nemandans.

Niðurstaða: 76% voru mjög ósammála eða ósammála (vor 2011: 81%).

7. Mig grunar að áfengisneysla í félagslífi nemenda Menntaskólans í Reykjavík sé:

Niðurstaða: 63% töldu hana of mikla, mikla eða frekar mikla (vor 2011: 55%), 13% töldu hana frekar litla eða litla (vor 2011: 15%) og 24% töldu sig ekki vita svarið (vor 2011: 24%).

8. Mér finnst forvarnamálum vel sinnt í skólanum.

Niðurstaða: 61% voru mjög sammála eða sammála (vor 2011: 60%). 9% voru mjög ósammála eða ósammála (vor 2011: 3%) og 30% töldu sig ekki vita svarið (vor 2011: 28%).

9. Ég les bréf sem skólinn sendir forráðamönnum nemenda fyrir dansleiki og aðrar upptökur sem skólinn stendur fyrir.

Niðurstaða: 93% svöruðu með alltaf (vor 2011: 89%) og 5% svöruðu með oft (vor 2011: 7,6%).

10. Leyfir þú eftirlitslaus „party“?

Niðurstaða: 93% svöruðu með aldrei (vor 2011: 93%) og 5% með sjaldan.

Samtímis var viðhorfskönnun send til forráðamanna nýnema skólaárið 2010-2011. Í gegnum Questionpro.com. Könnunin var opin í einn mánuð og þegar henni var lokað kom í ljós að svörun forráðamanna nýnema skólans var 99,51%.

Forráðamenn svöruðu tíu spurningum/staðhæfingum sem lagðar voru fyrir þá og voru niðurstöður svohljóðandi:

1. Námið í Menntaskólanum í Reykjavík hefur verið í samræmi við væntingar mínar.
Niðurstaða: 95% voru mjög sammála eða sammála.
2. Viðhorf mitt til Menntaskólans í Reykjavík hefur breyst eftir að nemandinn hóf nám við skólann.
Niðurstaða: 73% svöruðu neitandi. Af þeim sem svöruðu að viðhorf þeirra til MR hefði breyst, svöruðu 19% að breytingin væri til hins betra.
3. Mér finnst vinnuálag í skólanum vera:
Niðurstaða: 63% töldu vinnuálagið vera hæfilegt en 33% töldu það vera of mikið.
4. Nemandanum líður vel í Menntaskólanum í Reykjavík.
Niðurstaða: 93% voru mjög sammála eða sammála.
5. Samskipti nemandans og umsjónarkennara hafa verið góð.
Niðurstaða: 80% voru mjög sammála eða sammála. Veit ekki segja 15%.
6. Mér finnst félagslíf í skólanum taka of mikinn tíma frá námi nemandans.
Niðurstaða: 82% voru mjög ósammála eða ósammála.
7. Mig grunar að áfengisneysla í félagslífi nemenda Menntaskólans í Reykjavík sé:
Niðurstaða: 52% töldu hana of mikla, mikla eða frekar mikla, 12% töldu hana frekar litla eða litla og 33% töldu sig ekki vita svarið.
8. Mér finnst forvarnamálum vel sinnt í skólanum.
Niðurstaða: 67% voru mjög sammála eða sammála. 8% voru mjög ósammála eða ósammála og 25% töldu sig ekki vita svarið.
9. Ég les bréf sem skólinn sendir forráðamönnum nemenda fyrir dansleiki og aðrar uppákomur sem skólinn stendur fyrir.
Niðurstaða: 88% svöruðu með alltaf og 11% svöruðu með oft.
10. Leyfir þú eftirlitslaus „party“?
Niðurstaða: 85% svöruðu með aldrei og 11% með sjaldan.

2.2.3 Kennslukönnun

Í lok hvers skólaárs er gerð kennslukönnun á meðal allra nemenda skólans. Á síðasta ári var tekin upp sú nýbreytni að könnunin var gerð rafrænt. Það þótti takast nokkuð vel og því ákveðið að hafa sama háttinn á að þessu sinni. Það hafði þá kosti í för með sér að hægt var að nýta námskerfi skólans „MySchool“ til verksins og jafnframt að ekki þurfti að gefa nemendum frí úr kennslustundum til þess að svara könnuninni. Á móti kemur þó að meira þarf að minna nemendur á að taka þátt í kennslukönnuninni og þátttaka nemenda er minni en þegar þátttaka er gerð að skyldu í kennslustund. Könnunin er nefnd Viðhorfskönnun í I. hluta hennar og snýr að kennslu og kennslustofu en Nám og líðan er í II. hluta. Sá hluti fjallar um nemendur sjálfa, líðan þeirra og þroska með vísan til nýrrar námskrár.

Niðurstöður kennslukönnunar

Samantekt viðhorfskönnunar í I. hluta kennslukönnunar er svohljóðandi:

Samantekt um	Mjög góður	Frekar	Í	Frekar	Mjög slæmur	Fjöldi
--------------	------------	--------	---	--------	-------------	--------

kennara		góður	meðallagi	slæmur		
Hvernig er undirbúningur kennarans fyrir kennslustundir?	2534	1057	508	161	73	4333
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi	Frekar illa	Mjög illa	
Hversu vel útskýrir kennarinn námsefnið?	2071	1136	649	307	181	4344
Hvernig bregst kennarinn við spurningum um námsefnið?	2471	962	544	229	131	4337
	Mjög ánægður	Frekar ánægður	Í meðallagi	Frekar óánægður	Mjög óánægður	
Ertu ánægð(ur) með samskiptin við kennarann?	2071	1103	687	289	192	4342
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi	Frekar illa	Mjög illa	
Tekst kennaranum að virkja nemendur í kennslustundum?	1392	1267	948	458	265	4330
Tekst kennaranum að halda uppi góðum aga í bekknum?	1570	1373	897	341	157	4338
	Mjög oft	Frekar oft	Í meðallagi	Frekar sjaldan	Mjög sjaldan	
Skráir kennarinn skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu?	1769	757	806	204	608	4144
Birtir kennarinn einkunnir fyrir skyndipróf og stærri verkefni á Námsnetinu?	987	557	1007	358	1188	4097
	Alltof mikið	Of mikið	Hæfilegt	Ekki nógu mikið	Alltof lítið	
Mér finnst vinnuálagið í námsgreininni vera:	246	629	3153	223	71	4322
	Mikil	Hæfileg	Of lítil	Alltof lítil	Engin	
Tengsl heimavinnu við námsefnið eru:	1378	2343	206	66	263	4256
Samtals	16489	11184	9405	2636	3129	42843

Við nánari samantekt á framangreindri viðhorfskönnun kemur eftirfarandi í ljós:

1. 83% telja undirbúning kennarans fyrir kennslustundir mjög góðan eða frekar góðan.
2. 74% telja að kennarinn útskýri námsefnið mjög vel eða frekar vel.
3. 79% telja að kennarinn bregðist mjög vel eða frekar vel við spurningum um námsefnið.
4. 73% eru mjög ánægð eða frekar ánægð með samskiptin við kennarann.

5. 61% telja að kennaranum takist mjög vel eða frekar vel að virkja nemendur í kennslustundum en 23% telja að það takist í meðallagi.
6. 68% telja að kennaranum takist mjög vel eða frekar vel að halda uppi góðum aga í bekknum en 21% telja að það takist í meðallagi.
7. 61% telja að kennarinn skrái mjög oft eða frekar oft skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu en 19% telja að það takist í meðallagi.
8. 38% telja að kennarinn birti mjög oft eða frekar oft einkunnir fyrir skyndipróf og stærri verkefni á Námsnetinu, 25% telja að það takist í meðallagi en 38% svara frekar sjaldan eða mjög sjaldan.
9. 20% telja að vinnuálag í viðkomandi grein sé alltof mikið eða of mikið en 73% telja vinnuálagið hæfilegt.
10. 87% telja að tengsl heimavinnu við námsefnið séu mikil eða hæfileg.

Niðurstöður könnunar um Nám og líðan nemenda í II. hluta kennslukönnunar er samkvæmt eftirfarandi:

Samantekt um nemendur	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
Hvernig gengur þér í daglegu skólastarfi?	162	172	153	101	21	609
	Námið gengur illa	Mér gengur illa að fá félagan innan skólans	Heimilis-aðstæður eru erfiðar	Mér líður illa af heilsufarslegum ástæðum	Annað	Fjöldi
Ef þér líður frekar eða mjög illa, hvað veldur? (má merkja við fleiri en 1 atriði)	129	17	10	19	82	257
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
Hvernig líður þér í frímínútum?	227	204	133	23	17	604
	Mjög oft	Frekar oft	Í meðallagi	Frekar sjaldan	Mjög sjaldan	Fjöldi
Tekurðu þátt í félagslífi í MR	144	140	177	57	80	598
	Talsvert aukist	Aðeins aukist	Svipað og áður	Eitthvað minna	Langtum minna	Fjöldi
Hefur sjálfstraust þitt breyst eftir að þú byrjaðir í MR?	97	176	227	91	10	601
	Mjög mikið	Frekar mikið	Í meðallagi	Frekar lítið	Mjög lítið	Fjöldi
Stuðlar námið í MR að gagnrýninni hugsun?	104	180	192	73	26	575
	Mjög mikið	Frekar mikið	Í meðallagi	Frekar lítið	Mjög lítið	Fjöldi
Stuðlar námið í MR að frumkvæði þínu og sjálfstæði?	113	177	177	76	51	594

Stuðlar námið í MR að getu þinni til að vinna í góðu/farsælu samstarfi með öðrum?	106	199	164	83	35	587
Samtals	1082	1265	1233	523	0	4425

Við nánari skoðun á framangreindri könnun um Nám og líðan nemenda vekur það sérstaka athygli hversu fáir nemendur svara þessari könnun eða aðeins um 600 á meðan yfir 4000 nemendur svara framangreindri viðhorfskönnun. Skýringin er sú að fyrir mistök tölvufræðinga var einungis Viðhorfskönnunin opnuð fyrir nemendum í upphafi en könnun um Nám og líðan nemenda var ekki opnuð fyrr en síðar og þá hafa nemendur ekki gefið sér þann tíma sem þurfti til að svara annarri könnun í frítíma. Því hefur verið ákveðið að endurtaka þessa könnun á námi og líðan nemenda með kennslukönnun skólaárið 2012-13.

2.2.4 Starfendarannsóknir

Markmiðið með starfendarannsóknum er að gera kennslu, heimavinnu og skyndipróf hnitmiðaðri og markvissari þannig að sem flestir nemenda sjái hámarks árangur af starfi sínu í lok vetrar.

Stuðst var einkum við meginlegar rannsóknaraðferðir. Rannsóknin var nafnlaus og byggðist einkum á fjölvalsspurningum en þó með rökstuðningi nemenda þar sem það átti við. Starfendarannsóknin var lögð fyrir tvo bekk í dönsku, annars vegar 4. bekk náttúrufræðibrautar og hins vegar í 3. bekk náttúrufræðibrautar.

Starfendarannsókn í 4. bekk

Í 4. bekk var rannsóknin lögð fyrir 23 nemendur á náttúrufræðibraut í febrúar 2012. Könnunin tók 40 mínútur, allir tóku þátt og virtust nemendur leggja sig fram um að svara af alúð. Bekkurinn var valinn af handahófi en þar er að finna ólíka einstaklinga með mismunandi áhugamál. Könnunin var nafnlaus.

Vandamál til greiningar er: Fá nemendur hæfilega heimavinnu til að ná árangri. Er undirbúningur nemenda nægjanlegur fyrir skyndipróf í faginu.

Spurningar sem lagðar voru fyrir: Er magn heimavinnu hæfilegt. Hve langur tími fer í að leysa heimaverkefnið að meðaltali. Leysa nemendur verkefnið með eða án samvinnu eða hjálpar. eru skyndipróf hentug leið til að ná meiri árangri í náminu.

Að samanteknum svörum nemendanna er niðurstaðan sú að 100% nemenda þótti heimavinna hæfilega mikil, hæfilega þung og tengsl heimavinnu við námsefnið hæfileg.

Þegar spurt er um hversu langur tími fer í heimaverkefni í faginu að meðaltali á viku er útkoman svipuð og á síðasta ári. 17% notar 3-4 klst. á viku en 83% notar 2 klst. eða minna á viku. Í vetur var bætt við spurningu frá fyrri könnun varðandi það hvort tímaskortur hefði áhrif á heimavinnu og þá af hvaða völdum. Aðeins 56% bekkjarins svara spurningunni. Þar af gefa 39% upp mikla vinnu í öðrum námsgreinum og áhugamálin taki mikinn tíma en 13% vinna mikið með skóla, þar af einn sem vinnur á þremur stöðum auk skólans og þau sinna auk þess mismunandi áhugamálum.

Umbætur í dönskudeild verður þannig háttað að kennarar munu hvetja nemendur til að sinna heimanámi betur en jafnframt hafa komið fram á fundum meðal kennara dönskudeildar hugmyndir um að draga úr hefðbundnu heimanámi nemenda sem verði þá unnið meira í kennslustundum undir eftirliti kennarans. Vandinn er þó sá að kennslustundir í dönsku hjá 4. bekk náttúrufræðibrautar eru aðeins þrjú á viku 40 mínútur hver og því svigrúm ekki stórt.

61% nemenda fær aldrei aðstoð heima við heimanámið. Þá kemur á óvart að 70% nemenda skrifa stundum upp úrlausnir á heimaverkefnum eftir öðrum í stað þess að vinna þau sjálf. Þarna gæti heimavinna undir leiðsögn kennara komið að einhverju gagni. Skólinn býður upp á stoðtíma í stærðfræði og íslensku og væri áhugavert að bjóða nemendum upp á stuðning við heimanám í dönsku.

Ennfremur er spurt um hæfilegan fjölda skyndiprófa á hverju misseri og voru 61% þeirra sem svöruðu sáttir við að hafa 2 skyndipróf á misseri í greininni. Tekið var var tillit til niðurstöðu könnunar á vormisseri 2011 og skyndiprófum fækkað úr þremur í tvö fyrir skólaárið 2011-12. Það virðist hafa tekist vel og verður sami háttur hafður á skólaárið 2012-13.

Tungumálakennurum hefur þótt áhugavert að fylgjast með hvort nemendur lesi kjörbækurnar sem fyrir eru lagðar (2-4 á vetri). 87% nemenda segjast lesa alla bókina eða alla bókina að viðbættum útdrætti af netinu.

Starfendarannsókn í 3. bekk

Könnunin var lögð fyrir 23 nemendur í 3. bekk náttúrufræðibrautar í mars 2012. Bekkurinn var valinn af handahófi og könnunin var nafnlaus.

80% nemenda 3. bekkjar náttúrufræðibrautar svöruðu að heimavinna sem lögð væri fyrir væri hæfileg en 20% nemenda fannst hún of mikil.

99% nemenda svöruðu að heimavinnan væri hæfilega þung en 1% nemenda fannst heimavinnan of þung.

99% nemenda fannst heimavinnan í hæfilegum tengslum við námsefnið en 1% fannst of lítil tengsl.

50% nemenda segja að 1-2 klst. á viku fari í heimanám í greininni, 25% eyða 3-4 klst. og 25% eyða 1 klst.

Aðeins rúm 50% nemenda svöruðu spurningunni varðandi tímaskort og báru þá helst við að tímaskortur væri vegna æfinga í íþróttum eða tónlistarnámi og einnig því mikið væri að gera í öðrum greinum.

50% nemenda fá aldrei aðstoð við heimanám, 40% svara að þau fái stundum hjálp og 10% fá oft eða alltaf hjálp.

Það kemur á óvart hér eins og hjá 4. bekk að 75% nemenda skrifa stundum upp úrlausnir á heimaverkefnum eftir öðrum en 25% segjast aldrei skrifa upp eftir öðrum.

99% nemenda segjast alltaf lesa athugasemdir kennara þegar þeir fá yfirfarin heimaverkefni frá honum og segjast læra mikið af því og nýta sér athugasemdirnar við seinni verkefni.

90% nemenda segjast oft eða alltaf nota orðabók í dönskunáminu og um 75% nemenda nota þá snara.is aðrir nota dönsk-ísl. orðabók eða ísl.-dönsk orðabók eða netorðabækur aðrar en snara.is.

100% nemenda finnst að hæfilegur fjöldi skyndiprófa á misseri séu tvö til þrjú.

Varðandi spurningu um kjörbækur þá segist rúm 90% lesa alla bókina aðrir lesa hluta og lesa síðan útdrætti og annað á netinu.

Könnun eins og þessi mun gera kennslu, heimavinnu og skyndipróf hnitmiðaðri og markvissari, en könnunin tók 40 mínútur og nemendur virtust leggja sig alla fram við að svara

af alúð.

2.2.5 Umbótaáætlun

Í kennslukönnun er mikill meirihluti sem telur undirbúning og útskýringar kennara mjög eða frekar góðan, hann bregðist mjög eða frekar vel við spurningum um námsefnið og samskipti séu góð, tengsl heimavinnu við námsefnið séu mikil eða hæfileg og vinnuálag sé hæfilegt.

Þegar kemur að Námsnetinu eru það 80% sem telja að kennari skrái skyndipróf og stærri verkefni á Námsnetið mjög oft, oft eða í meðallagi en varðandi birtingar einkunna á Námsnetinu eru aðeins 63% sem birta einkunnir í eða yfir meðallagi en um 38% svara að einkunnir séu sjaldan eða mjög sjaldan birtar á netinu. Úr þessu þarf að bæta og verða kennarar því óspart hvattir til að birta einkunnir nemenda sinna á Námsnetinu.

Síðastliðin tvö ár var gerð tilraun til að láta kennslukannanir fara fram með rafrænum hætti og í vetur höfðu nemendur 3 vikur til að svara kennslukönnun. Í ljós hefur komið að færri nemendur hafa svarað en áður. Því hefur verið tekin ákvörðun um að taka upp fyrri aðferð við þessa könnun þannig að í stað þess að leggja hana fyrir rafrænt á Námsnetinu eins og gert var síðustu tvö ár verði hún lögð fyrir á kennslutíma um mánaðamótin febrúar /mars 2013 í þeirri von að fyrri þátttöku nemenda verði náð.

Starfendakannanir voru gerðar í dönsku á vormisseri 2012. Þegar á heildina er litið er niðurstaðan sú að flestum nemendanna finnst heimanámið hæfilegt í greininni en þar kemur þó fram hjá hluta nemenda að þau hafi ekki tíma til að sinna heimanáminu sem skyldi sem er í samræmi við þá niðurstöðu að 83% nemenda þess bekkjar sem tók þátt stundar vikulega heimavinnu í 2 klst. eða minna. Fáir nemendur fá aðstoð heima fyrir við heimavinnu en þeim mun fleiri fá aðstoð frá bekkjarfélögum, jafnvel þannig að úrlausnir séu skrifaðar upp eftir öðrum. Nemendurnir sjá skyndiprófin sem hentuga leið til að ná meiri árangri í náminu og langflest lesa athugasemdir kennara til að „gera ekki sömu mistök aftur“, „til að sjá hverju þarf að breyta“, „til að ná betri árangri og verða betri námsmaður“ eða „þá get ég séð hvort ég geri oft sömu villuna og reynt að hætta því.“

Kennarar deildarinnar munu taka mið af framangreindum svörum nemenda og gera umbótaáætlun með aðstoð gæðastjóra og skólastjórnar.

Áður en formlegt sjálfsmat fer af stað nú í vetur verða sett niður matsteymi í skólanum til að undirbúa þær rannsóknir sem gerðar verða. Á sl. þremur árum hafa verið gerðar starfendakannanir í íslensku, ensku, dönsku, þýsku, stærðfræði og líffræði. Freistað verður þess að fá allar deildir til að gera starfendarannsóknir og umbætur þar sem þörf krefur.

2.3 Annað

2.3.1 Starfsmannahandbók

Á skólaárinu 2011-2012 var ráðist í gerð starfsmannahandbókar fyrir Menntaskólann í Reykjavík. Sett var á laggirnar nefnd með gæðastjóra, félagsmálafræðingi, íslenskufræðingi sem einnig á sæti í skólaráði, námsráðgjafa og hjúkrunarfræðingi. Nefndin hittist reglulega og skipti með sér að fjalla um brýn verkefni eins og t.d. samskipti kennara og nemenda, eineltisáætlun, móttökuáætlun nemenda með annað móðurmál en íslensku, hjálp í viðlögum og viðbrögð ef andlát eða áfall ber að höndum. Þarna getur starfsfólk því fundið flest það sem upp getur komið og leysa þarf í daglegu starfi. Ákveðið var að setja ekki starfsmannahandbókinni á netið en prenta hana og dreifa henni til starfsmanna skólans á vörfundi skólans 2012. Starfsmannahandbókin verður þróuð áfram á komandi árum.

2.3.2 Ný heimasíða

Á skólaárinu 2011-2012 var ný heimasíða fyrir Menntaskólann í Reykjavík tekin í notkun á vormisseri. Þar er sjálfsmati skólans gert hátt undir höfði og aðgengi allra að sjálfsmatsskýrslum og sjálfsmatsáætlunum hefur verið eft til muna.

3. Lokaorð

Í samræmi við lög um framhaldsskóla ber hverjum skóla að meta skólastarfið með skipulögðum og markvissum hætti. Skólaárið 2011-2012 voru gerðar ýmsar rannsóknir á skólastarfinu í Menntaskólanum í Reykjavík. Þeim hefur síðan verið gerð skil í þessari skýrslu. Matið hefur verið formlegt. Byrjað var á að setja niður rýnihópa haustið 2011 og tekin ákvörðun um viðfangsefni sjálfsmats fyrir skólaárið. Síðan var skipaður starfshópur sem setti fram spurningar fyrir kennslukönnun, viðhorfskönnun forráðamanna nýnema og 4. bekkinga var endurtekin auk þess sem allir fagstjórar voru beðnir um að hefja undirbúning fyrir starfendakannanir í viðkomandi deildum.

Ný heimasíða sem verið hefur í undirbúningi undanfarin misseri var tekin í notkun og starfsmannahandbók leit dagsins ljós við góðar viðtökur starfsmanna. Allar kannanir voru umbótamiðaðar og verður því fylgt eftir að árangurinn skili sér í enn betra skólasamfélagi.